

Hafnarfjarðarkaupstaður
Fræðslu- og frístundapjónusta
Skýrsla starfshóps

Skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar - ÁHERSLUR OG TILLÖGUR STARFSHÓPS -

.....
Hafnarfjörður

FEBRÚAR 2016

FEBRÚAR 2016

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Linnetsstíg 3
220 Hafnarfjörður
www.hafnarfjordur.is
skolaskr@hafnarfjordur.is

FORMÁLI

Starfshópur um endurskoðun á sérúrræðum fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar var skipaður af sviðsstjóra fræðslu- og frístundaþjónustu í byrjun desember 2015. Samkvæmt erindisbréfi er starfshópnum ætlað að skila tillögum ekki síðar en í lok janúar 2016. Starfshópurinn skipa:

- Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla og starfsmaður Skólaskrifstofu stýrði starfshópnum.
- Elísa Ingólfssdóttir, verkefnisstjóri PMTO og starfsmaður Skólaskrifstofu.
- Ásta Björk Björnsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu í Hraunvallaskóla.
- Hjálfríður Sveinsdóttir, deildarstjóri sérkennslu og sérdeildar í Öldutúnsskóla.
- Kristinn Guðlaugsson, skólastjóri Hvaleyrarskóla.
- María Pálmadóttir, skólastjóri Setbergsskóla.

Auk þess var Helgi Gíslason, sérkennslufulltrúi grunnskóla á Skólaskrifstofunni, skipaður starfsmaður hópsins.

Starfshópurinn hélt alls sex fundi. Starfshópurinn bauð fulltrúum frá öllum sérdeildum í bænum á fund þar sem málefni sérdeildanna voru rædd og skipst á skoðunum um kosti þeirra og galla.

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI.....	3
EFNISYFIRLIT	4
SAMANTEKT.....	5
INNGANGUR	6
01. GRUNNSTAÐAN – STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR	7
02. GRUNNSTAÐAN - HAFNARFJÖRÐUR	10
03. SÉRÚRRÆÐI 1: SÉRDEILDIR – TILLÖGUR UM STEFNU OG ÁHERSLUR	16
04. SÉRÚRRÆÐI 2: SÉRSKÓLAR – TILLÖGUR UM STEFNU OG ÁHERSLUR	18
05. TVÍ-/FJÖLTYNGDIR NEMENDUR – TILLÖGUR UM STEFNU OG ÁHERSLUR.....	19
LOKAORÐ.....	20

SAMANTEKT

Hér gefur að líta skýrslu starfshóps með tillögum varðandi skipulag á námi og þjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskólum Hafnarfjarðar í samhengi við endurskoðun á sérúrræðum/sérdeildum við grunnskóla Hafnarfjarðar. Hópurinn leggur áherslu á að öllum grunnskólum Hafnarfjarðar verði gert kleift að veita öllum nemendum nám og kennslu við hæfi í samræmi við markmið laga og reglugerða um skóla án aðgreiningar. Á grundvelli þess verði dregið úr starfsemi sérdeilda sem nú eru starfræktar í Hafnarfirði og stefnt að lokun þeirra. Samhliða því eru kynntar nokkrar leiðir og aðgerðir sem hópurinn telur nauðsynlegar til að þetta náí fram að ganga. Í samræmi við lögbundna stefnu um skóla án aðgreiningar og fyrirmæli aðalnámskrár frá árinu 2011 er rétt að stíga næstu skref og draga enn frekar úr aðgreiningu innan grunnskólans með því að leggja áherslu á að heimaskóli geti boðið upp á nám við hæfi allra nemenda. Tillögur starfshópsins eru settar fram sem umræðugrundvöllur til samfélagslegrar og faglegrar umræðu um grunnskólastarf í Hafnarfirði. Sömu leiðis verður að skoða tillögurnar í ákveðnu samhengi, þ.e. forsenda þessara skipulagsbreytinga er að þeim fylgi nauðsynlegar bjargir sem snúa að fjármagni, viðeigandi húsnaði, faglegrri hæfni og gæðum í þjónustu við alla nemendur.

Sjá nánari útlistun í skýrslunni á sjónarmiðum sem styðja við ofangreinda samantekt.

INNGANGUR

Uppbygging skýrslunnar á eftir formála, efnisyfirliti, samantekt og inngangi er á þennan veg.

Kafli 1 kynnir lagarammann sem varðar skólastarf nemenda með sérþarfir í grunnskólum. Í kafla 2 er kynnt staða mála varðandi kennslu nemenda með sérþarfir, „sérkennslu“, í grunnskólum Hafnarfjarðar og nemendafjölda í sérdeildum í grunnskólum Hafnarfjarðar síðustu tíu ár eða lengur. Þá er í 3. kafla kynnt megináhersla starfshópsins um að sérhver grunnskóli skuli geta mætt öllum nemendum og um framtíð sérdeilda. Í 4. kafla er stutt umfjöllun um sérskóla og tillögur tengdar þeim. Í síðasta meginkaflanum, 5. kafla, er sérstök umfjöllun um móttökudeild nýbúa og málefni tví-/fjöltyngdra nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar með tillögum sem snúa að þeim málaflokki.

01. GRUNNSTAÐAN – STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR

Framkvæmd sérkennslu í grunnskólum er mörkuð af regluverki um skólastigið, þ.e. í lögum, reglugerðum og reglum á sérhverjum tíma. Lög grunnskólastarfsins, nú lög um grunnskóla nr. 91/2008 ásamt síðari tíma breytingum, kveða á um að skipanin í dag snýst ekki um „sérkennslu“ heldur „stuðning við nemendur með sérþarfir“:

17. gr. Nemendur með sérþarfir.

Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. (Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 17. gr.)

Til að fylgja eftir áherslum sem miða að grunnskóla án aðgreiningar og nám við hæfi er kveðið á um sérfræðiþjónustu til að meta sérþarfir, þörf fyrir stuðning og styðja við nám nemenda. Þar er sveitarfélögum jafnframt gefin heimild til að beita sér fyrir „sérúrræðum“ (sérdeild) innan grunnskóla.

42. gr. Sérúrræði.

Sveitarfélög geta beitt sér fyrir sérúrræðum innan grunnskóla eða stofnað til reksturs sérskóla þegar almennt nám og kennsluhættir hæfa ekki þörfum eða hag nemenda. Slíkum úrræðum er ætlað að veita nemendum sérhæft umhverfi til náms í lengri eða skemmri tíma þar sem jafnframt skal lögð áhersla á að veita starfsfólki almennra grunnskóla stuðning og kennslufræðilega ráðgjöf. (Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 40. - 42. gr.)

Í framhaldi laganna komu út margvíslegar reglugerðir og tvær þeirra er sérstaklega vert að skoða í þessu samhengi. Þetta eru reglugerðir nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum og reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla; og síðari tíma breytingar á þeim. Í sérfræðiþjónustureglugerðinni er áherslan bæði á almennar forvarnir og margs konar sérhæfðan stuðning við nemendur með sérþarfir en einnig ráðgjöf og stuðning við foreldra og starfsfólk skóla. Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir skilgreinir þarfir þeirra út frá mörgum sjónarhornum. Áherslan er á tækifæri fyrir nemendur til að læra út frá eigin forsendum í almennum grunnskóla en þar er sveitarfélögum jafnframt gefin heimild til að stofna og reka sérúrræði (sérdeild) innan grunnskóla og sérskóla. Fjallað er um sérúrræði og sérskóla á eftirfarandi hátt í reglugerðum:

IV. KAFLI Sérúrræði innan grunnskóla og sérskólar.

12. gr. Skipulag þjónustunnar.

Sveitarstjórn ákveður fyrirkomulag þjónustu við nemendur með sérþarfir og getur stofnað sérskóla eða sérúrræði innan grunnskóla á vegum sveitarfélagsins, sbr. 42. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Skipulag þjónustunnar skal ákveðið í samráði við skólastjórnendur og fræðslufyrirvöld í sveitarfélaginu. Þjónusta sem fram fer í sérúrræði innan grunnskóla lýtur stjórn skólastjóra samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar. (Reglugerð nr. 584/2010, 12. gr. 1. mgr.)

Ráðuneytið skal að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga útbúa viðmið um gerð starfsreglna fyrir sveitarfélög sem reka sérskóla og sérúrræði við grunnskóla sem stofnað er til samkvæmt 42. gr. laga um grunnskóla. Í viðmiðunum skulu m.a. koma fram lágmarkskröfur um efni starfsreglna, þ.e. a) heiti sérskóla/sérúrræðis, b) markmið og hlutverk, c) stjórnun, d) starfsfólk, e) nemendur, f) námsumhverfi, g) rekstur og h) ráðgjöf og kennslufræðilega þjónustu. Birta skal viðmiðin opinberlega. (Reglugerð nr. 148/2015, 2. gr. a.)

Sveitarstjórn setur starfsreglur fyrir sérskóla og sérúrræði innan grunnskóla byggðar á viðmiðum 2. mgr. þessarar greinar, þar sem m.a. er kveðið á um fyrirkomulag þjónustunnar, aðlögun aðalnámskrár grunnskóla að þörfum nemenda og ráðgjöf og stuðning við starfsfólk grunnskóla. Starfsreglurnar skulu áður teknar til umfjöllunar í skólaráði viðkomandi skóla og skólanefnd. Starfsreglur skulu birtar opinberlega. (Reglugerð nr. 148/2015, 2. gr. b.)

...

20. gr. Innritun í sérskóla eða sérúrræði og útskrift.

Áður en nemandi er innritaður í sérskóla eða sérúrræði innan grunnskóla skal meta stöðu hans í námi. Við slíkt mat skal tekið tillit til aðstæðna nemanda og heildarhagsmuna og þess gætt að hann eigi þess kost að tjá sig um þá niðurstöðu eftir því sem aðstæður leyfa. Foreldrum skulu kynntar niðurstöður úr slíku mati og gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum áður en til innritunar kemur. Allar athuganir skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra sem skulu hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska. Ávallt skal hafa að leiðarljósi það sem er talið barninu fyrir bestu.

Sveitarfélög sem reka sérskóla eða önnur sérúrræði innan grunnskóla sem stofnað er til samkvæmt 42. gr. laga um grunnskóla skulu setja reglur um innritun nemenda, svo og reglur um útskrift eða lok slíkrar aðstoðar þar sem gerð er grein fyrir aðkomu og mati fagaðila. Í reglunum skal kveðið á um málsmeðferð og skilyrði fyrir inntöku nemenda í viðkomandi sérskóla eða sérúrræði. Heimilt er að skipa ráð með fagaðilum sem geri tillögu til skólastjóra um innritun og/eða útskrift nemanda úr sérskóla eða sérúrræði. Ráðherra staðfestir reglur sveitarfélaga um innritun og útskrift nemenda úr sérskóla eða sérúrræði sem stofnað er til samkvæmt 42. gr. laga um grunnskóla. Innritunarreglur skulu birtar opinberlega. (Reglugerð nr. 148/2015, 3. gr.)

Sömuleiðis er kveðið á um að umræddar starfsreglur skuli sendar ráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok 2015.

Lögbundin stefna hérlendis um skóla án aðgreiningar er byggð á Salamanca yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1994 sem Ísland hefur undirritað (sjá: [Salamanca yfirlýsingin um grundvöll, stefnu og framkvæmd í málefnum nemenda með sérþarfir](#) - íslensk útgáfa). Meginefni yfirlýsingarinnar eru siðferðileg sjónarmið um mannréttindi fólks með fötlun þar sem sérstök áhersla er á menntun þeirra eins og segir í 2. grein yfirlýsingarinnar:

Við lýsum yfir þeirri sannfæringu okkar að

- menntun sé frumréttur hvers barns og skylt sé að gefa því kost á að ná og viðhalda viðunandi stigi menntun;
- börn séu mismunandi og hafi sérstök áhugamál, hæfileika og námsþarfir;
- í skipulagi menntakerfis og tilhögun náms beri að taka mið af miklum mun á einstaklingum og þörfum þeirra;
- einstaklingar með sérþarfir á sviði menntunar skuli hafa aðgang að almennum skólum og þar beri að mæta þörfum þeirra með kennsluáðferðum í þeim anda að mið sé tekið af barninu;
- almennir skólar séu virkasta aflið til að sigrast á hugarfari mismununar, móta umhverfi sem tekur fötluðum opnum örmum, móta þjóðfélag án aðgreiningar og koma á menntun öllum til handa; enn fremur megni þeir að veita þorra barna góða menntun og stuðli að skilvirkni menntakerfisins í heild og bæti, þegar til lengdar lætur, nýtingu fjármuna.

Meginmarkmið laga varðandi nám nemenda með sérþarfir er að menntunarverkefni þeirra skuli leyst í almennum skólum með viðeigandi björgum sem hæfa nemendum. Þannig sé það verkefni menntakerfa hvers lands að vinna gegn aðgreiningu nemenda og móta þjóðfélag án aðgreiningar.

Sveitarfélög, og sjálfstætt reknir skólar á ábyrgð þeirra, eiga að vinna samkvæmt þessari lögbundnu stefnu um skóla án aðgreiningar. Lagaramminn gerir ráð fyrir að hver skóli mæti þörfum allra nemenda og þá einnig nemenda með sérþarfir. Þrátt fyrir þessa stefnu er í grunnskólalögum sú heimild að sveitarfélögin geti starfrækt sérúrræði eða sérskóla vegna nemenda með sérþarfir. Það er á forræði hvers sveitarfélags að ákveða hvort það nýti sér lagaheimildir um sérúrræði eða ekki, á eigin vegum eða kaupi þjónustu af öðrum sveitarfélögum standi það til boða.

Grunnspurning sem starfshópurinn spurði sig um framhald vinnunnar:

- *Á hvern hátt er starfsemi grunnskóla Hafnarfjarðar að endurspeгла regluverkið um nemendur með sérþarfir?*

02. GRUNNSTAÐAN - HAFNARFJÖRÐUR

A. KENNSLUTÍMAÚTHLUTANIR TIL STUÐNINGS („SÉRKENNSLA“)

Samkvæmt skýrslum grunnskóla Hafnarfjarðar til Hagstofunnar fá margir nemendur grunnskólanna einhvers konar sérkennslu eða stuðning skólaárið 2014-2015 (sjá töflu). Grunnskólanemendur með lögheimili í Hafnarfirði voru þetta skólaár 3.980, þar af 3.782 í grunnskólum Hafnarfjarðar (miðað við 1. október 2014).

Tafla 1: Stuðningur við nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar skólaárið 2014-2015

SKÓLI:	Sérkennsla í almennum skóla		Nemendur sem fá kennslu í sérdeild í grunnsk. bæjarins		Samtals nemendur í sérkennslu	Sérkennsla	Stuðningsfulltrúar
	kk	kvk	kk	kvk			
Áslandsskóli	66	41			107	92	85
Hraunvallaskóli	218	155			373	249	508
Hvaleyrarskóli	42	31			73	75	76
Lækjarskóli	62	76	39	10	187	536	102
Setbergsskóli	45	16	13	2	76	185	124
Víðistaðaskóli	63	54			117	118	205
Öldutúnsskóli	68	42	8	4	120	171	22
Samtals:	564	415	60	16	1053	1426	1122
Hlutfall	14,9%	11,0%	1,6%	0,4%			
Alls	25,9%		2,0%		27,9%		

Auk þess voru 16 nemendur í sérskóla eða sérdeild utan sveitarfélagsins þetta skólaár.

Það er erfitt að leggja mat á umfang og skipulag sérkennslu og stuðnings innan hvers skóla út frá tölulegum upplýsingum um fjölda kennslustunda sem skóli fær úthlutað. Fjöldi nemenda með skilgreindar sérþarfir er mismunandi á milli skóla. Þörf fyrir sérstakan stuðning hjá hverjum nemanda sömuleiðis auk þess sem aðstæður geta aukið við eða dregið úr þörf fyrir sérstakan stuðning. Það eru vísbendingar um að grunnskólar veiti mismunandi þjónustu. T.d. hefur komið fram að viðmið um lestraraðstoð séu mismunandi milli grunnskólanna. Þá sést af töflunni að mjög mismunandi er hversu mikið skólar reiða sig á störf stuðningsfulltrúa. Töflunni er samt ætlað að veita ákveðna yfirsýn á fjölda þeirra sem þiggja stuðning sem er fjórði hver nemandi í grunnskólunum og af heildarfjölda nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar eru um tvö prósent þeirra í sérdeild.

„Skólaárið 2014-2015 fengu 12.263 nemendur íslenskra grunnskólanemenda sérkennslu eða stuðning, eða 28,4% allra nemenda. Það er fjölgun um 60 nemendur frá fyrra skólaári. Fjöldinn hefur ekki verið meiri frá því að Hagstofan hóf innsöfnun um sérkennslu skólaárið 2004-2005

en hlutfall nemenda sem fékk sérkennslu var lítið eitt hærra skólaárið 2013-2014, 28,6%. Af þeim nemendum sem fengu stuðning voru 61,5% drengir og 38,5% stúlkur. Nemendum á Íslandi sem hafa erlent móðurmál og fá stuðning vegna íslenskunáms hefur fjölgað um 64,6% á undanförunum fimm árum og voru 2.374 skólaárið 2014-2015, um 900 færri en nemendur með erlent móðurmál.“ (Hagstofa Íslands, frétt 8. febrúar 2016).

Tafla 2: Kennslustundaúthlutun vegna „sérkennslu“ og stuðnings 2015 – 2016

	Áslands- skóli 2015	Hraunvalla- skóli 2015	Hvaleyrar- skóli 2015	Lækjar- skóli 2015	Setbergs- skóli 2015	Víðistaða- skóli 2015	Öldutúns skóli 2015
Forsendur:							
Nemendafjöldi	538	876	422	523	401	637	503
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga (samþ.)	0	12	2	4	3	5	
Kennslustundaúthlutun:							
Grunnur 0,15 kennslust.	81	131	63	78	60	101	75
Vegna metinna sérþarfa	106	264	92	142	59	109	103
Íslenskukennsla tví-/fjöltyngdra	14	49	29	30	16	44	17
Samtals	201	444	184	250*	135	254	195
Úthlutun pr. nem. skóla	0,44	0,51	0,44	0,48	0,34	0,40	0,39
Sérdeildir:							
Deild fyrir nemendur á einhverfurófi					168		
Fjölgreinanám*							
Móttökudeild				78			
Sérdeild Lækjarskóla				198			
Sérdeild Öldutúnsskóla							86
Samtals:	201	444	184	526	303	254	281
Stöðugildi tengd sérdeildum:							
Stjórnun v. sérdeilda (stöðug.)	0	0	0,4	0,8	0,4	0	0,4
Kennsluráðgjöf (stöðugildi)	0	0	0	0,4	0	0	0

* Í kennslustundaúthlutun til Lækjarskóla er innifalið tímamagn kennslu í fjölgreinadeild.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að draga úr mun á úthlutun vegna nemenda með sérþarfarir í sérúrræðum og í almennum skólum. Úthlutun er almennt skipt í þrennt eins og sést hér fyrir neðan. Viðbót vegna sérþarfa er metin út frá upplýsingum úr greiningum og upplýsingum sem koma frá skólunum um nemendur, samsetningu nemendahópa, árganga o.s.frv.

Úthlutun til grunnskóla Hafnarfjarðar 2015-2016 – samantekt:

Grunnur (0,15 * nemendafj.)	589	kennslustundir
Viðbót vegna metinna sérþarfa	909	kennslustundir
Íslenskukennsla fjöl-/tvítyngdra	277	kennslustundir
Sérúrræði	452	kennslustundir
Samtals:	2.227	kennslustundir

Úthlutun til sérkennslu og stuðnings nemur u.þ.b. 23% af allri kennslustundaúthlutun til grunnskóla Hafnarfjarðar skólaárið 2015 – 2016.

Niðurstaða um stuðning innan grunnskólanna


Úthlutun fjármagns til skóla til að mæta nemendum með sérþarfir er stór hluti úthlutaðs kennslumagns til grunnskóla eða um 1/3 hluti þess. Úthlutun fjármagnsins fer eftir ákveðnum úthlutunarreglum sem bæði er almenn (nemendafjöldi skóla) og sértæk (metnar þarfir og því mismunandi eftir skólum). Þess utan fá sérdeildir úthlutað fjármagni miðað við nemendafjölda og metnar þarfir hverju sinni. Þessi úthlutun kemur úr sama kennslutímabotti og almenn úthlutun til stuðnings við nemendur með sérþarfir.

B. SÉRÚRRÆÐI/SÉRDEILDIR Í GRUNNSKÓLUM HAFNARFJARÐAR

Hafnarfjarðarbær starfrækir fimm sérúrræði skólaárið 2015 - 2016.


- 15 nemendur eru í sérdeild fyrir nemendur á einhverfurófi (Berg) í Setbergsskóla.
- 22 nemendur eru í sérdeild fyrir nemendur með þroskaraskanir í Lækjarskóla.
- 13 nemendur eru í sérdeild fyrir nemendur með þroskaraskanir / námserfiðleika í Öldutúnsskóla.
- 19+ nemendur í móttökudeild fyrir tví-/fjöltýngda nemendur í Lækjarskóla.
- 3 nemendur sem tilheyra fjölgreinadeild formlega (enginn nemandi var tekinn inn í deildina sl. vor).

Eftirfarandi mynd sýnir heildarnemendafjölda í sérdeildum í Hafnarfirði frá 2002 – 2015.




Eins og sést náði nemendafjöldinn hámarki haustið 2008. Nemendum hefur fækkað nokkuð síðan en vísbendingar eru um að þeim sé að fjölga auk þess sem aldrei hafa fleiri nemendur verið í sérdeildum og sérskólum utan Hafnarfjarðar en í vetur. Fjöldi er þó mismikill eftir deildum og milli ára.

Hér koma upplýsingar um hafnirska nemendur í sérúrræðum og sérskólum, innan og utan Hafnarfjarðar frá árunum 2010 – 2015 þar sem nemendafjöldi í hverri deild er kynntur sérstaklega eftir skólaárum.




Haustið 2007 var stofnað sérúrræði fyrir nemendur á einhverfurófi í Setbergsskóla. Sérdeild Víðistaðaskóla fyrir nemendur með hegðunarraskanir var lögð niður vorið 2009. Sérdeild fyrir nemendur með þroskaraskanir í Engidalsskóla var lögð niður vorið 2009 og nemendur sem voru eftir í deildinni færðust í Öldutúnsskóla. Nemendur þar höfðu yfirleitt þurft að fara í Öldutúnsskóla í 8. bekk. Aðrar deildir hafa starfað lengur.


Hér má sjá þróun á nemendafjölda í sérdeildum grunnskóla Hafnarfjarðar sem eru starfandi í dag.




Nemendafjöldi í sérdeild Lækjarskóla hefur verið nokkuð stöðugur síðan árið 2010 eftir talsverða fjölgun árin þar á undan.



Eins og sést voru lengi vel mjög fáir nemendur í deildinni og fyrir þremur til fjórum árum var nokkur umræða um að leggja hana niður. Fyrir tveimur árum varð sprenging í aðsókn að deildinni.




Fjölgun árið 2010 skýrist af því að þá tók deildin tímabundið að sér nemendur á miðstigi þegar sérdeild í Engidalsskóla var lögð af.



Vorið 2015 var ákveðið að taka ekki inn nýja nemendur og skoða sérstaklega þörf fyrir slíka deild en aðeins tvær umsóknir höfðu borist. Úthlutun vegna starfseminnar var sameinuð úthlutun til Lækjarskóla fyrir skólaárið 2015-2016.

Haustið 2015 voru sautján hafnfirskir nemendur í sérúrræðum utan Hafnarfjarðar. Þar af fimmtán í Klettaskóla, einn í táknaðsdeild Hlíðaskóla og einn í Brúarskóla. Kostnaður vegna þessara nemenda er greiddur sérstaklega, þ.e. dregst ekki af því fjármagni sem ætlað er til sérkennslu og stuðnings í grunnskólum bæjarins hverju sinni ekki frekar en almennar greiðslur vegna nemenda í grunnskólum utan Hafnarfjarðar (t.d. vegna fósturs).



Tví-/fjöltýngdir nemendur sem eru að hefja nám í grunnskóla í 1. – 4. bekk fara beint í heimaskóla en nemendur í 5. - 10. bekk geta valið um heimaskóla eða að vera í móttökudeild Lækjarskóla þar til þeir eru tilbúnir að fara í heimaskóla, helst eftir 1-2 ár þar. Reynslan hefur þó sýnt að nemendur hafa tilhneigingu til að ílengjast í deildinni, sérstaklega ef nemendur hafa aðrar sérþarfir.

Niðurstaða um sérúrræði („sérdeildir“)

Af ofangreindu má sjá að grunnskólanemendum í sérdeildum innan bæjarins hefur fækkað á síðustu árum eftir topp sem varð árið 2008. Samhliða því má greina aukningu á fjölda nemenda frá Hafnarfirði í sérskólum og sérúrræðum utan Hafnarfjarðar. Talsverðar sveiflur hafa verið milli ára í einstaka deildum. Síðastliðin ár hefur nemendum fjölgað í sumum deildum (deildin í Setbergsskóla), fækkað í öðrum (fjölgreinadeildin í Lækjarskóla) og tvær verið lagðar niður (deild fyrir nemendur með þroskaröskun Engidalsskóla og deild fyrir nemendur með hegðunarraskanir í Víðistaðaskóla).

Grunnspurning sem starfshópurinn spurði sig um framhald vinnunnar:

- Hver skal vera meginstefna Hafnarfjarðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum bæjarins og sérúrræði?

03. SÉRÚRRÆÐI 1: SÉRDEILDIR – TILLÖGUR UM STEFNU OG ÁHERSLUR

Stuðningur: Allur sérstuðningur sem veittur er nemendum með sérþarfir, hvort sem hann er veittur einstaka nemendum í almennum bekk, einstaklingslega utan bekkjar í sérstöku rými („sérkennslustofur“), í hóprýmum innan skóla („námsver“), í sérdeild eða í sérskóla.

Sérdeild: Skilgreint og afmarkað úrræði í ákveðnum grunnskóla fyrir nemendur með tiltekna sérþarfir og opið nemendum úr öðrum skólum bæjarins. Allir nemendur í sérdeild tilheyra jafnframt ákveðnum bekk í skólanum. Kennsla fer fram bæði í sérstökum rýmum en nemendur stunda einnig nám með þeim bekk sem þeir eru skráðir í eins og hentar hverju sinni. Það er ákvörðun foreldra að sækja um í sérdeild fyrir barn sitt og þeir sækja um skólavist með formlegum hætti. Um starfsemina gilda sérstakra starfsreglur (sbr. 12. gr., 2. mgr. reglugerðar 585/2010 með síðari tíma breytingum) sem eiga að vera staðfestar af viðkomandi bæjarstjórn.

Megininntak laga og reglna um grunnskólastarf er að nemendur fái þann stuðning sem þeir þurfa í heimaskóla. Vinna með nemendur með sérþarfir snýst ekki eingöngu um þá nemendur sem eiga hvað erfiðast með að fylgja aðalnámskrá heldur einnig um þá nemendur sem eru framar jafnöldrum sínum (og hafa gjarnan merkimiðann „bráðgerir og hæfileikaríkir“ líkt og aðalnámskrá grunnskóla (2011: 43) gerir ráð fyrir). Allt eru þetta nemendur sem grunnskólum er ætlað að koma til móts við. Mikilvægt er að hver skóli marki sér stefnu og áherslu í kennslu allra nemenda.

Til að grunnskólar geti mætt þörfum **allra nemenda** þurfa þeir viðeigandi bjargir. Tryggja þarf nauðsynlegt fjármagn til að þeir geti leyst þetta verkefni með fullnægjandi hætti. Í hverjum skóla þarf því að vera til staðar viðeigandi fagþekking auk fjölbreyttra rýma fyrir bekkjar-kennslu, einstaklingsvinnu og sérstök hóparými fyrir nemendur á öllum aldri, oft nefnd námsver. Auk þess er mikilvægt að fagþekking eflist enn frekar í hverjum skóla.

Það er sjónarmið starfshópsins að nauðsynlegt sé að taka ný skref í þróun skólastarfsins sem miði að minni aðgreiningu og efli um leið faglegt starf skólanna í þágu allra nemenda. Þannig er lagt til að sérdeildir víki fyrir ábyrgð hins almenna grunnskóla. Þó verði sérdeildir ekki lagðar niður nema að samhliða eigi sér stað faguppbygging, í hverjum skóla og á milli skóla, með viðeigandi tilhliðrun á fjármagni frá sérdeildum til grunnskólanna á sama tíma. Einnig er mikilvægt að efla þau viðhorf innan grunnskólanna sjálfra að það sé ábyrgð þeirra og skylda að mæta öllum nemendum enda fái þeir til þess viðeigandi bjargir.

Samhliða slíkum stjórnkerfisbreytingum er þörf á auknum stuðningi sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins, svo sem með viðeigandi kennsluráðgjöf og frekari viðmiðum um gæði náms og kennslu. Í því felst bæði aukin samhæfni í skipulagi og gæði í skólastarfinu. Gert er ráð fyrir að breytingar á skipulagi taki nokkur ár.

TILLÖGUR STARFSHÓPSINS:

1. Draga úr starfsemi sérdeilda sem nú eru starfræktar í Hafnarfirði og stefna að lokun þeirra. Samhliða því að efla skólastarf innan grunnskólanna til þess að geta betur mætt þörfum allra nemenda í sínum heimaskóla.
2. Endurskoða reglur um tímaúthlutanir vegna sérstaks stuðnings við nemendur. Þá er þörf á sérstöku fjármagni til stjórnunar vegna aukinna verkefna skólanna á þessu sviði.
3. Samhliða lokun sérdeilda verði ráðgjöfum með fjölbreytta fagþekkingu á sérþörfum og kennslu fjölgað. Þegar er slík ráðgjöf fyrir hendi frá móttökudeild og verkefnisstjóra PMTO. Hlutverk ráðgjafa væri að sinna sérhæfðri ráðgjöf til kennara/skólastjórnenda allra grunnskólanna og vinna að sameiginlegum gæðum í skólastarfi fyrir alla nemendur.
4. Fjölgreinadeildin verði lögð niður frá og með 1. ágúst 2016.
5. Unnið verði samkvæmt eftirfarandi tillögu frá 1. janúar 2017. Sérdeildir Lækjarskóla, Setbergsskóla og Öldutúnsskóla taki ekki við nýjum nemendum. Nemendum í deildunum gefist kostur á að ljúka þar námi eða fá önnur skólaúrræði í samráði við foreldra.
6. Samhliða ofangreindum tillögum fari fram athugun á framkvæmd kennslu og stuðnings við þá nemendur sem um ræðir. Athugun fari fram fyrir og eftir breytingar og síðan eftir ákveðinn tíma. Markmiðið væri að skoða hvernig til hafi tekist.
7. Tryggja verður að dýrmæt fagþekking og reynsla starfsfólks sérdeilda nýtist eftir sem áður í grunnskólum bæjarins. Því verði starfsfólki sérdeilda tryggð vinna í sama grunnskóla eða öðrum grunnskólum bæjarins til að byggja upp frekara lærdóms-umhverfi öllum nemendum til heilla.

Við endurskoðun á starfsreglum fyrir sérdeildir bæjarins verði tekið mið af ofangreindum tillögum. (Markmið með endurskoðun reglnanna er að mæta nýjum kröfum um starfsreglur sérdeilda sem er að finna í reglugerð og að skýra betur hlutverk og inntökuviðmið í sérdeildir bæjarins eins og þær eru í dag. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 148/2015, sem er breyting á 12. og 20. gr. reglugerðarinnar um sérfræðiþjónustu við grunnskóla (nr. 585/2010) þarf staðfestingu sveitarfélags á starfsreglum um sérdeildir.)

Grunnspurning sem starfshópurinn spurði sig hér um framhald vinnunar:

- *Hver skal vera meginstefna sveitarfélagsins Hafnarfjarðar varðandi sérskóla fyrir börn í sveitarfélaginu?*

04. SÉRÚRRÆÐI 2: SÉRSKÓLAR – TILLÖGUR UM STEFNU OG ÁHERSLUR

Sérskóli: Skóli sem starfræktur er og tekur eingöngu á móti nemendum með ákveðnar sérþarfir.

Á Íslandi eru í dag aðeins starfræktir þrjú sérskólar. Tveir eru reknir af Reykjavíkurborg með stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þetta eru Klettaskóli sem er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur með þroskaraskanir og Brúarskóli, sem er tímabundið skólaúrræði fyrir nemendur með tilfinninga- og hegðunarraskanir. Hlíðarskóli á Akureyri er einnig tímabundið úrræði og svipar til Brúarskóla. Það hafa alltaf verið nemendur frá Hafnarfirði í sérúrræðum utan Hafnarfjarðar, mismargir eftir árum. Með eflingu heimaskóla til að mæta þörfum allra nemenda er vonast til þess að foreldrar taki í auknum mæli ákvörðun um að börn þeirra stundi nám í heimaskóla.

TILLÖGUR STARFSHÓPSINS:

1. Að stefnt verði að því að fækka umsóknum nemenda í Klettaskóla, í góðu samráði við foreldra, og þeim kennt í heimaskóla.
2. Að stefnt verði að því að fækka umsóknum nemenda í Brúarskóla. Sett verði upp sérstakt umsóknarferli fyrir PMTO ráðgjöf og sérstakan stuðning í heimaskóla fyrir nemendur með alvarleg frávík í hegðun.
3. Það fjármagn sem nýtt er til kennslukostnaðar og aksturs í sérskólana skili sér til stuðnings í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Grunnspurning sem starfshópurinn spurði sig um framhald vinnunnar:

- *Hver skal vera meginstefna sveitarfélagsins Hafnarfjarðar varðandi kennslu tví- /fjölmörgu nemenda í sveitarfélaginu m.t.t. íslensku-/móðurmálsnáms?*

05. TVÍ-/FJÖLTYNGDIR NEMENDUR – TILLÖGUR UM STEFNU OG ÁHERSLUR

Tví-/fjöltyngdir nemendur: Þeir nemendur sem þurfa að nota eða kunna fleiri en eitt tungumál á heimili og / eða í skóla. Nám tví-/fjöltyngdra nemenda snýst bæði um að læra íslensku á fullnægjandi hátt til að geta tekið virkan þátt í íslensku samfélagi og sömuleiðis að viðhalda eigin móðurmáli ef það er annað en íslenska.

Líklegt er að innflytjendum á Íslandi fjölgi. Það gerir auknar kröfur til grunnskóla varðandi kennslu tví-/fjöltyngdra nemenda og aðlögun skólastarfs að fjölmeningarsamfélagi 21. aldarinnar. Lögin gera ráð fyrir þjónustu skóla vegna tvítyngdra nemenda á þennan veg:

16. gr. Móttökuáætlun og nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Kennsla í grunnskólum skal fara fram á íslensku. Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá.

Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til tülkaþjónustu.

Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli. (Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 16. gr.)

Aðalnámskrá grunnskóla (2013: 96) ítrekar þetta lagaákvæði ennfremur og þá á þennan veg:

Mikilvægt er í öllum tilvikum að hvetja foreldra til að styðja við íslenskunám barna sinna og jafnframt rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku tvítyngi allra nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Ekki liggur ljóst fyrir hvaða kennslu sveitarfélögin skulu veita tví-/fjöltyngdum nemendum í grunnskólum varðandi móðurmál þegar það er annað en íslenska. Í dag er það svo að eingöngu þeir nemendur í Hafnarfirði sem eiga norsku, sænsku eða pólsku að móðurmáli, eða hafa dvalist langdvölum í þessum löndum, gefst kostur á að fá kennslu í þeim tungumálum frá 7. bekk á vegum bæjarins. Nemendur sem eiga önnur móðurmál fá ekki kennslu í þeim í grunnskólum eða með stuðningi sveitarfélagsins.

TILLÖGUR:

1. Unnið verði samkvæmt eftirfarandi tillögu frá 1. janúar 2017: Móttökudeild Lækjarskóla taki ekki við nýjum nemendum.
2. Setja þarf skýr viðmið um gæði þjónustu við tví-/fjöltyngda nemendur og foreldrasamstarf, ásamt því að endurskoða viðmið um úthlutun kennslutíma til íslenskukennslu þeirra.
3. Kennsluráðgjöf um (íslensku)kennslu tví-/fjöltyngdra nemenda verði eflid.
4. Mótaðar verði skýrar áherslur bæjarfélagsins varðandi móðurmálskennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku.

LOKAORÐ


Í þessari skýrslu er lögð áhersla á ábyrgð heimaskóla til að sinna námi allra nemenda. Megináhersla starfshópsins tekur mið af stefnu löggjafans um skóla án aðgreiningar. Grundvöllur þess að hægt verði að hrinda tillögum starfshópsins í framkvæmd er að grunnskólarnir fái viðeigandi bjargir. Starfshópnum er umhugað um að á grundvelli tillagna skýrslunnar verði ekki farið í handahófskenndar aðgerðir og skólasamfélagið þurfi að ræða hvernig þessum tillögum verði best komið í framkvæmd.

Helga Gíslasyni, sérkennslufulltrúa grunnskóla, er þakkað framlag sitt til vinnu starfshópsins.

Hafnarfirði 5. febrúar 2016


Vigfús Hallgrímsson


Elísa Ingólfssdóttir


Ásta Björk Björnsdóttir


Hjálfríður Sveinsdóttir


Kristinn Guðlaugsson

Kristinn Guðlaugsson


María Pálmadóttir

María Pálmadóttir